

Drög að ályktun um skattamál

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi betur vörð um tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. Á liðnum árum hefur skattbyrðin í vaxandi mæli færst frá hátekjufólki til lág- og millitekjufólks.

Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og millitekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 25 milljarða, á næstu tveimur árum. Forgangsverkefni eru að lækka virðisaukaskatt á matvæli, hraða hækkun barnabóta og taka upp lægra skattþrep á lægri tekjur. Ársfundurinn telur eðlilegt að meira samræmi sé á skattlagningu fjármagnstekna og launatekna. Því sé eðlilegt að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður. Slíkar skattkerfisbreytingar koma lág- og millitekjufólki að mestu gagni.

Greinargerð:

Ríkisstjórnin hefur boðað að skattar verði lækkaðir um 24,8 milljarða á næstu tveimur árum m.v. skattareglur ársins 2005. Tekjuskattur lækkar um 3% stig eða úr 24,75% í 21,75%. Hátekjuskatturinn verður afnuminn sem og eignaskattar einstaklinga og fyrirtækja. Barnabætur hækka um 2,4 milljarða. Á móti þessum skattalækkunum er persónuafsláttur lækkaður að raungildi þar sem hann fylgir ekki verðlagshækkunum og vaxtabætur eru skertar sérstaklega. Meðfylgjandi tafla sýnir skattbreytingarnar í heild:

Lækkun tekjuskatts í 21,75%	18.000.000.000
Afnám hátekjuskatts	1.000.000.000
Afnám eignaskatta einstaklinga	2.971.500.000
Afnám eignaskatta fyrirtækja	1.554.000.000
Barnabætur	2.400.000.000
Persónuafsláttur hækki minna en verðlag	-900.000.000
Lækkun vaxtabóta	-250.000.000
	<u>24.775.500.000</u>

Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að farnar verði aðrar leiðir við útfærslu skattalækkana. Leiðir sem fela í sér meiri tekjujöfnun og koma þannig launafólki á miðlungs- og lægri tekjum betur til góða.

Lækkun matarskattsins úr 14% í 7% felur í sér aukna tekjujöfnun. Að fella brott hátekjuskattinn í núverandi mynd en taka þess í stað upp lægra skattþrep á lægri tekjur er aðgerð sem felur í sér umtalsverða lækkun á skattbyrði lág- og millitekjufólks. Við framkvæmd slíkra

breytinga verður að gæta þess að eftirágreiðslur aukist ekki og að skattframkvæmdin verði ekki óþarflega flókin. Hækkun barnabóta (í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar) er jöfnunaraðgerð sem fellur vel að áherslum verkalýðshreyfingarinnar. Á móti framangreindum skattalækkunum er eðlilegt að hækka fjármagnstekjuskatt um 2% stig, úr 10% í 12% og jafna þannig þann mun sem er á skattlagningu fjármagnstekna og annarra tekna. Meðfylgjandi tafla sýnir hvaða áhrif áherslna verkalýðshreyfingarinnar hafa á tekjur ríkissjóðs:

Lækkun VSK á matvæli í 7%	4.000.000.000
Afnám hátekjuskatts	1.000.000.000
Lægra skattþrep á lægri tekjur (14,75% að 175 þús.)	19.700.000.000
Barnabætur	2.400.000.000
Hækkun fjármagnstekjuskatts í 12%	-2.400.000.000
	<u>24.700.000.000</u>

